



**LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA**

*Alþingi
Erindi nr. P 135/2393
komudagur 28.4.2008*

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur með bréfi til Landssamtaka lífeyrissjóða, dags. 10. apríl s.l., óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 13/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, 527. mál.

Í athugasemdum er þess getið að frumvarpið miði að því að koma til framkvæmda hér á landi ákveðnum þáttum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43EB frá 17. maí 2006. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um endurskoðendur.

Meginbreytingin sem varðar lífeyrissjóði er að sjóðirnir eru taldir í hópi “eininga tengda almannahagsmunum” á ensku: “Public interest entities”. Það merkir að einstökum lífeyrissjóðum ber skylda til að skipa sérstaka endurskoðunarnefnd, sem skal m.a. vera óháð endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar, eins og segir í frumvarpinu.

Að þessu tilefni vilja Landssamtök lífeyrissjóða koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Þó leitað sé með logandi ljósi í umrædda tilskipun Evrópuþingsins frá 17. maí 2006, nr. 2006/43EB, þá er hvergi minnst á lífeyrissjóðina í tilskipunni, hvað þá að þeir séu taldir falla undir einingu tengdum almannahagsmunum, sjá nánar skilgreiningu nr. 13 um “public-interest entities” í grein nr. 2.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa á tilfinningunni að stjórnvöld séu oft á tíðum “kapólskari en páfinn”, þegar kemur að innleiðingu tilskipana frá Evrópusambandinu. Frumvarp þetta að skylda lífeyrissjóðina til að skipa endurskoðunarnefndir er dæmi um slíkar oftúlkanir.

Í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 er að finna mörg ákvæði um eftirlit og endurskoðun lífeyrissjóðanna.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi lífeyrissjóða sé í samræmi við ákvæði lífeyrissjóðalaganna, reglugerða og reglna settar samkvæmt þeim. Þá skal Fjármálaeftirlitið sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreikninga lífeyrissjóða. Einnig setur Fjármálaeftirlitið reglur í samráði við reikningsskilaráð um ársreikninga lífeyrissjóða.

Í lífeyrissjóðalögunum eru ströng ákvæði um endurskoðun sem varðar starfsemi sjóðanna. Þar er m.a. tekið fram að lífeyrissjóður skuli starfrækja endurskoðunardeild eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila, sem annast skal innra eftirlit með sjóðnum, sem vera skal hluti af skipulagi lífeyrissjóðsins og þáttur í starfsemi hans. Þá er sérstakt ákvæði í lögunum að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um verkefni endurskoðunardeildar og eftirlitsaðila lífeyrissjóða, sbr. reglugerð nr. 687/2001.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að íslensku lífeyrissjóðirnir búa við margfalt eftirlitskerfi og endurskoðun. Það ákvæði í þessu frumvarpi að til viðbótar beri lífeyrissjóðunum að skipa sérstakar endurskoðunarnefndir, er aðeins til að auka skriffimnsku og kostnað við rekstur sjóðanna og er algjörleg óþarfi og einnig oftúlkun á umræddri tilskipun Evrópuþingsins.

Virðingarfyllt
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

